

Minnisblað

08.05.2019

Tillögur að breytingum á húsareitum 4 og 5 í Hagahverfi.


Skipulagið var unnið þannig að minni verktakar gætu tekið að sér að byggja stakar byggingar í sama húsareitnum. Það kemur niður á gæðum hverfisins til frambúðar og gæðum íbúða þar sem nástaða skapast á milli gafls og svalahliða. Við leggjum því til að eftirtaldar breytingar verði gerðar:

Húsareitur 4

- Kjarnagata 61 og Halldóruhagi 1 verði einn byggingarreitur. Fjarlægð Kristjánshaga 8 og gafls Halldóruhaga 2 verður aukin úr 9,75 m í 20 m. Búið er að úthluta Gudmannshaga 2 og Kristjánshaga 8 og því ekki lögð til breyting á þeim.
- Byggingarreitur er óbreyttur, 12 m, en hámarks húsdýpt verði 10 m.
- Íbúðafjöldi verður sá sami.

Húsareitur 5

- Byggingareitir verði tveir og U- laga í stað fjögurra stakra húsa.
- Lóðir verða tvær í stað fjögurra.
- Gæði inngarðs aukast með betra skjóli og meiri líkur eru á að verktakar gangi frá garðinum sem heild.
- Nástaða, 8,2 m, þar sem gafl og svalahlið snúa saman verða ekki lengur til staðar.
- Bil milli gafla verður 16 m.
- Byggingarreitir verði 12 m á dýpt en hámarks húsdýpt verði 10 m.
- Lágmarks íbúðafjöldi eykst úr 32 í 36. Fjölga má bílastæðum um 16 með góðum hætti.



Óbreytt skipulag



Breytt skipulag